

## Niðurstöður aðalfundar Regins hf. 2021

Aðalfundur Regins hf. var haldinn klukkan 16:00, miðvikudaginn 10. mars 2021 í Hvammi fundarsal, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

### 1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2020.

### 2. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2020:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur yrði arður á árinu 2020 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu.

### 3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Aðalfundur samþykkti framlagða starfskjarastefnu með breytingartillögum á 3. mgr. 1. gr., 2. mgr. 6. gr. og nýrri 7. gr en að öðru leyti óbreytt frá fyrra ári.

### 4. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum:

Samþykkt var tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

### 5. Breyting á samþykktum félagsins:

Samþykktur var viðauki við samþykktir félagsins í kjölfar samþykktar 4. dagskrárliðs.

### 6. Kosning félagsstjórnar:

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörin í aðalstjórn til næsta aðalfundar:

Albert Þór Jónsson,  
Bryndís Hrafnkelsdóttir,  
Guðrún Tinna Ólafsdóttir,  
Heiðrún Emilía Jónsdóttir,  
Tómas Kristjánsson.

### 7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að Ernst & Young ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, yrði kjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins í samræmi við tilmæli endurskoðunarnefndar til stjórnar um kjör ytri endurskoðanda.

### 8. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum:

Á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2020 voru nefndarmenn í tilnefningarnefnd félagsins kjörnir til aðalfundar 2022. Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar frá 13. september 2018 skal skipunartími nefndarmanna vera tvö ár. Skipan nefndar er því óbreytt fram að aðalfundi 2022.

### 9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 710.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 355.000 kr. á mánuði.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 40.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 90.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 150.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar: 90.000 kr. á mánuði.

**10. Önnur mál:**

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.